

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 23. nóvember 2022

Mál nr. S-3329/2022:

Héraðssaksóknari

(Karl Ingi Vilbergsson héraðssaksóknari)

gegn

X

(Halldóra Aðalsteinsdóttir lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 26. október sl., er höfðað með ákæru, útgefinni af héraðssaksóknara 28. júlí 2022, á hendur X, kt. [...], [...],

I.

„fyrir eftirtalin brot í nánu sambandi og kynferðisbrot með því að hafa endurtekið og á alvarlegan hátt ógnað heilsu og velferð eiginkonu sinnar A, kennitala [...], svo sem hér greinir:

- Með því að hafa, aðfaranótt laugardagsins 30. apríl 2022 í bifreið við [...], veist að A með ofbeldi og ólögmætri nauðung og tekið af henni kortaveski og farsíma, en ákærði þrýsti henni upp að bílhurðinni, tosaði í kjól hennar og klóraði hana á bringuna og náði þannig af henni mununum og eftir að hún yfirgaf bifreiðina reyndi hann að toga og ýta henni aftur inn í bifreiðina, allt með þeim afleiðingum að hún hlaut mar og yfirborðsáverka á hálsi og brjóstkassa og bakverki.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. b. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

- Nauðgun og stórfellt brot í nánu sambandi með því að hafa, þriðjudaginn 10. maí 2022 í bifreið á malarsvæði við [...], á alvarlegan og sérstaklega sársaukafullan og meiðandi hátt ógnað heilsu og velferð A, haft samræði við A án samþykkis með því að beita hana hótunum, ofbeldi og ólögmætri nauðung en ákærði ógnaði henni með hníf, settist yfir hana og lagði sætið aftur, skipaði henni að klæða sig úr að neðan, hótaði að setja fíkniefni upp í leggöngin á henni og skera úr henni augun auk þess sem hann hótaði að skaða sjálfan sig og hafði svo við hana samræði.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr. og 1., sbr. 2. mgr. 218. gr. b. almennra hegningarlaga.

II.

3. Fyrir eignaspjöll með því að hafa, sunnudaginn 13. mars 2022 á bifreiðarstæði við [...], spennt upp vinstri framhurð og afturhurð bifreiðarinnar [...], í eigu A, með þeim afleiðingum að hurðirnar skemmdust.

Telst þetta varða við 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga.

4. Fyrir umferðarlagabrot með því að hafa, að morgni sunnudagsins 3. apríl 2022, ekið bifreiðinni [...] óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóði mældist kokaín 30 ng/ml) um [...] og að bifreiðastæði við [...] á [...] þar sem lögregla stöðvaði aksturinn.

Telst þetta varða við 1., sbr. 2. mgr. 50. gr., sbr. 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

5. Fyrir líkamsárásir með því að hafa, sunnudaginn 24. apríl 2022 að [...] á [...]:
- a. Slegið B, kennitala [...], ítrekað í höfuð, með þeim afleiðingum að hann hlaut mar og bólgu bak við vinstra eyra og dreifð vöðvaeymsli.
 - b. Slegið C, kennitala [...], með krepptum hnefa í andlit, með þeim afleiðingum að hann hlaut bólgu í andliti og þreifueymsli á vinstra kjálkahorni.
 - c. Slegið D, kennitala [...], í höfuð, kastað slökkvitæki í áttina að honum og bitið hann í bakið með þeim afleiðingum að D hlaut blóðhlaupið mar á hægri herðablaði og yfirborðsáverka á húð.

Teljast brot þessi varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, greiðslu alls sakarkostnaðar og að sæta sviptingu ökuréttar skv. 99. gr. og 101. gr. umferðarlaga.

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu A, kennitala [...], er gerð krafa um að ákærða verði gert að greiða henni miskabætur að fjárhæð kr. 4.500.000 auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 10. maí 2022, en með dráttarvöxtum skv. 9. gr. vaxtalaga, sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga að liðnum mánuði frá birtingu kröfunnar til greiðsludags. Einnig er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að

mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.“

Ákærði krefst sýknu af öllum köflum ákæru að undanskildum 4. tölulið II. kafla ákærðu en þá krefst ákærði vægustu refsingar er lög leyfa. Til vara krefst hann vægustu refsingar og að hún verði skilorðsbundin að hluta. Þá krefst hann þess að bótakröfu verði vísað frá dómi en til vara að bætur verði stórlega lækkaðar. Einnig krefst hann hæfilegra málsvarnarlauna sem greidd verði úr ríkissjóði.

I.

1.

I. kafli ákæru

Ákæruliður 1

Þann 30. apríl 2022 kl. 1:26 var kallað eftir aðstoð lögreglu en tilefnið var rifrildi tveggja aðila í bifreið framan við [...]. Talið var að annar aðilanna gerði sig líklegan til að aka bifreiðinni. Þegar á vettvang var komið hafði mikill fjöldi fólks safnast saman við bifreiðina [...] og í frumskýrslu lögreglu kemur fram að kveikt hafi verið á „hazard“-ljósum hennar. Rætt var við brotþola sem kvað fyrrum maka sinn, ákærða í máli þessu, hafa ráðist á sig og gaf hún lýsingu á því sem gerðist og aðdraganda þess. Hann var ekki á staðnum þegar lögregla kom.

Nokkru síðar varð lögregla vör við ákærða í grennd við vettvang en hann óhlýðnaðist fyrirmælum lögreglu og nálgadist brotþola sem sat í lögreglubifreiðinni. Að endingu var hann handtekinn og færður á lögreglustöðina. Var hann látinn blása í áfengismæli sem gaf til kynna að áfengismagn í blóði hans væri 0,68‰.

Fram kemur í skýrslum lögreglu að brotþoli hafi verið í miklu uppnámi eftir atvikið og með sjáanlega áverka sem voru myndaðir.

Tekin var skýrsla af brotþola á lögreglustöð kl. 2:32. Greindi hún svo frá að ákærði hefði setið fyrir henni á [...] þar sem hún starfaði. Hún hefði sótt um skilnað og hann vildi ræða við hana. Brotþoli kvað ákærða mjög afbrýðisaman og hefði viljað fá að skoða skilaboð í símanum hennar en hún hafi neitað. Hann hefði náð af henni símanum og hún þurft að elta hann út. Hún hefði fallist á að aka honum og vini hans að [...] til þess að fá frið og símann til baka. Hún hefði, eftir að hann afhenti hann, sett símann inn undir brjóstahaldarann við vinstra brjóst. Ákærði hafi viljað fá að sjá símann þegar á leiðarenda var komið. Þegar hún neitaði hefði ákærði drepíð á bifreiðinni og reynt að ná símanum með valdi. Þegar hann læsti bifreiðinni hefði hún þrýst á flautu bifreiðarinnar og ýtt á „hazard“-takkann. Hafi þá hópur fólks komið

henni til hjálpar. Í framhaldinu hafi ákærði tekið af henni kveikjulaslyklana, veski og símann en síðan skilað lyklunum aftur.

Ákærði var yfirheyrður vegna málsins síðla dags. Hann kannaðist við að hafa komið á vinnustað brotaþola og verið með símann hennar. Þegar komið var niður í bæ hefði hann séð myndir af henni og öðrum karlmönnum sem teknar voru fyrir skilnaðinn. Brotaþoli hefði þá viljað taka af honum símann og ráðist á hann. Ákærði kvaðst aldrei hafa verið árásgjarn og að hluta til væri atburðarásin á misskilningi byggð. Ljósmyndir sem teknar voru af ákærða á lögreglustöð sýndu yfirborðsáverka á hægri öxl ákærða. Þá var skyrtan hans var rifin.

Rætt var við vitni sem voru á vettvangi og kom í ljós að eitt þeirra hafði tekið upp hluta atburðarásarinnar á síma en upptökur eru meðal gagna málsins.

Brotaþoli var skoðuð á bráðamóttöku. Haft er eftir henni að ákærði hafi reynt að ná af henni síma þar sem þau sátu í kyrrstæðri bifreið hennar. Hafi orðið átök í bílnum og hann reynt að ná símanum sem var innanklæða, mikið tog komið á kjólinn og hann klórað í brjóstkassann. Hún hafi fengið einhver högg í andlitið og sé með mar sem hún geti ekki skýrt. Hún hafi verið með töluverða verki í baki vinstra megin. Við skoðun hafi komið í ljós mar aðallega á neðri vör hægra megin, mar að innanverðu en ekki skurður, mjó rönd hafi verið á hálsi vinstra megin sem hafi legið nánast frá miðlínu að aftanverðu og framan á hálsinn. Við skoðun á hálsi hægra megin hafi hún verið með marga litla áverka sem líktust klórförum. Á brjósti og bringu hafi hún verið með töluverða klóráverka sem allir hafi verið grunnir, auk marbletta á vinstra brjósti og klórför á vinstra brjósti. Var hún greind með yfirborðsáverka á öðrum hluta andlits, mar og yfirborðsáverka á hálsi og brjóstkassa og ótilgreindan bakverk. Taldi lækniinn áverka brotaþola, sem voru myndaðir, geta vel samrýmst hennar frásögn.

Undir rannsókn málsins var óskað eftir upptökum úr eftirlitsmyndavélum í nágrenninu en gæði eru léleg og erfitt að átta sig á atvikum. Einnig var kallað eftir upptökum úr eftirlitsmyndavélakerfi vinnustaðar brotaþola. Þar sést m.a. um kl. 23:50 þegar ákærði hleypur að bifreið brotaþola og er þau fara saman inn á [...]. Þá sést á annarri upptöku þegar ákærði þrífur símann af brotaþola og hleypur út af [...]. Brotaþoli sést fara á eftir honum og reyna að ná símanum en án árangurs. Ákærði virðist skoða innihald símans og vera æstur en brotaþoli í uppnámi. Þá sjást þau setjast inn í bifreiðina kl. 1:02.

Einnig liggur fyrir upptaka úr búkmyndavél lögreglumanns sem handtók ákærða. Á henni má sjá þá atburðarás allt þar til ákærði var færður af vettvangi.

Skýrslur fyrir dómi

Ákærði kannaðist við að hafa komið á vinnustað brotþola og að hún hefði boðist til þess að aka honum og vini hans niður í bæ. Ákærði kvaðst ekki hafa tekið símann af brotþola heldur hefði hann ætlað að tengja hann og spila tónlist í bílnum. Nánar spurður kvaðst ákærði ekki muna þetta vel og að svör sín í skýrslutöku hjá lögreglu skýrist af því að hann hafi verið þráspurður. Hann kannaðist þó við að hafa verið með síma brotþola um stund en látið hana fá hann aftur. Ákærði lýsti því að vinur hans hefði farið út úr bílnum þegar niður í bæ var komið en þegar hann sjálfur hefði viljað fara út úr bílnum hefði brotþoli viljað fá símann hans. Í símanum væru upptökur sem brotþoli vildi komast yfir og þau hefðu rifist vegna þess. Hún hefði þrifið í bolinn hans og hann reynt að róa hana niður en síðan farið út úr bílnum. Hefði hann í misgripum tekið síma hennar og tösku sem hann skilaði síðar. Ákærði kvaðst aldrei hafa veist að brotþola og kvaðst ekki geta skýrt áverka hennar enda hefði hann ekki snert hana. Sjálfur hafi hann verið handleggsbrotinn og lítið getað gert. Ákærði kvaðst hafa verið mjög drukkinn umrætt sinn og það kæmi að einhverju leyti niður á minni hans.

Brotþoli kvað ákærða hafa hringt þegar hún var í vinnunni og síðan komið aðvífandi þegar hún var á leið í bílinn sinn. Hafi hún farið aftur inn á vinnustaðinn með honum til að ræða saman en hann hefði viljað ná sáttum. Hún hefði síðan kvatt hann og gengið af stað með símann sinn í hendinni en hann komið og tekið hann af henni. Hafi ákærði ekki viljað skila honum nema hún æki honum og vini hans í bæinn. Hafi hún samþykkt það, fengið símann og sett hann inn á sig við vinstra brjóst. Þegar komið var niður í bæ hafi vinurinn kvatt og farið. Ákærði hefði þá tekið í handbremsuna og lykilinn úr kveikjúlásnum. Síðan hefði hann reynt að ná símanum með því fara inn á hana. Hún hefði streist á móti og hann klórað og rispað hana. Hefði hún þá þrýst á bílflautuna. Ákærði hefði náð af henni símanum og kortaveskinu hennar. Hefði hún gripið í hann en við það hefði bolur hans rifnað. Fólk hefði síðan komið aðvífandi og hún farið út úr bílnum og hann á eftir. Hún hefði leitað eftir aðstoð en hann öskrað út í loftið og ásakað hana um framhjáhald. Þá hefði hann reynt að ýta henni aftur inn í bílinn og fá hana til að setjast en hún ekki viljað það. Kvaðst brotþoli ekki muna hvort þau hefðu farið aftur inn í bílinn á einhverjum tímapunkti en það væri mögulegt. Ákærði hefði síðan hlaupið einhvern hring og skilað dótinu hennar með því að henda inn í lögreglubifreiðina eftir að lögreglan kom á vettvang. Brotþoli kvaðst hafa hlotið áverka af völdum ákærða, skrámur og mar á brjósti og fengið verk í bakið. Brotþoli lýsti því hvernig sambandi ákærða og hennar væri háttað en saman ættu þau [...]. Hún kvað hann hafa þurft á aðstoð að halda og að ástand hans hefði farið versnandi. Hefði hún kennt í brjósti um hann og oft hlaupið til þegar hann vanhagaði um eitthvað.

E kvaðst hafa verið í miðbænum með vinkonum sínum þegar þau heyrðu öskur. Þau hafi séð mann halda í konu og ákveðið að fylgjast með þeim. Vitnið kvaðst ekki muna mikið eftir atvikinu en þó að maðurinn hefði verið að reyna að koma konunni í bílinn og taka af henni símann. Vinur vitnisins hafi hringt á lögregluna en hann hafi ákveðið að taka atburðarásina upp á símann sinn. Kvaðst hann hafa verið mjög hræddur enda hefði maðurinn verið brjálaður en kona virtist hrædd og öskraði á ákærða að fara. Vitnið kvaðst hafa veitt manninum meiri athygli enda hræddur um að hann myndi ráðast á sig.

F kvaðst hafa verið í miðbænum þegar hann heyrði bifreið flautað og síðan öskur. Hafi hann séð mann og konu í bifreið sem svo hafi komið út. Konan hafi beðið hann um að hringja á lögreglu sem hann gerði. Maðurinn virtist vera til alls vís. Maðurinn hafi reynt að koma konunni aftur inn í bíl en hafi verið stöðvaður. Fram hafi komið hjá manninum að konan væri eiginkona hans sem hefði haldið framhjá honum. Vitnið kvaðst hafa upplifað það svo að konan vildi ekki vera í þessum aðstæðum. Hún hafi verið í uppnámi en maðurinn einhvern veginn „úti um allt“. Vitnið kvaðst einnig muna eftir því þegar konan var í farþegasætinu og maðurinn vildi varna því að hún færi út.

G kvaðst hafa verið með vinum sínum í miðbænum og heyrt þegar bifreið var flautað og konu öskra. Ákærði hefði sýnt þeim mynd af manni sem konan hans átti að hafa haldið framhjá með. Hún kvaðst muna eftir konunni í ökumannssætinu á einhverjum tímapunkti. Þá kvaðst hún muna er maðurinn togaði konuna að bílnum. Konan hafi verið í smásjokki. Maðurinn hafi verið „agressífur“ en hlaupið burt þegar lögreglan kom.

H kvaðst hafa verið að ganga á Austurvelli þegar hann hafi séð konu og mann í bifreið. Konan hafi flautað og öskrað. Hún hafi viljað komast út en maðurinn virtist vilja halda henni þar. Kvaðst vitnið hafa haldið bíldyrnum opnum en maðurinn viljað loka þeim. Þau hafi svo bæði komið út úr bifreiðinni og maðurinn haldið í öxl konunnar og verið „agressífur“ í tali. Kvaðst vitnið hafa óttast að hann myndi lemja hana og tekið í ákærða sem ýtti honum frá sér. Maðurinn hefði svo hlaupið í burtu og konan sagt að hann væri með síma hennar og veski. Hann hefði svo komið aftur til að tala við konuna en eftir að lögreglan kom hefði hann hlaupið í burtu. Vitnið kvaðst muna að maðurinn hefði verið í rifnum bol og talað frönsku. Hann hafi ekki séð neina áverka á konunni en hún hefði verið reið, hrædd og stressuð. Hefði hún ekki viljað hafa manninn þarna.

I læknir gerði grein fyrir helstu niðurstöðum skoðunar á brotaþola og áverkum hennar. Taldi hann áverkana hafa samræmst lýsingu hennar á því sem gerðist umrætt sinn. Aðspurður kvað hann stefnu klórfara á hálsi brotaþola geta samrýmst lýsingu hennar á átökunum og að hans mati benti hún til einbeitts vilja.

Lögreglumaður J kom á vettvang eftir útkall. Rætt hafi verið við vitni á staðnum sem sögðust hafa séð mann ráðast á konu og flýja með veski og síma. Maðurinn hefði síðan komið inn í lögreglubílinn og hefði skilað þessum hlutum. Hann hefði verið æstur og örvæntingarfullur og viljað ræða við brotþola. Hann hefði ekki hlýtt fyrir mælum heldur verið ósamvinnufús. Virtist hann vera undir áhrifum áfengis eða einhvers annars. Þá mun brotþoli hafa verið með óverka. Henni var mjög brugðið og vildi ekkert með manninn hafa heldur komast frá honum.

Lögreglumaður K kvaðst hafa fylgt eftir tilkynningu sem í fyrstu var um fólk í annarlegu ástandi en reyndist vera heimilisofbeldi. Meintur gerandi var farinn af vettvangi en um var að ræða fólk sem stóð í skilnaði. Brotþoli hafi verið í uppnámi, skolfið og grátið. Maðurinn hafi verið handtekinn þegar hann fór inn í lögreglubifreiðina og vildi ræða við brotþola.

3.

Ákæruliður 2

Þriðjudaginn 10. maí 2022 kl. 15:42 barst lögreglu tilkynning frá vegfaranda sem kom að konu sem kvaðst hafa verið beitt ofbeldi. Á vettvangi var brotþoli í miklu uppnámi og stóð við bifreið sína [...]. Kvað hún ákærða hafa ógnað sér með hnífi og þvingað sig til samfara. Hún hefði ekki þorað öðru en að streitast ekki á móti þar sem hann hefði hótad því að skaða hana eða sjálfan sig. Kvað hún ákærða hafa flúið af vettvangi og var þegar lýst eftir honum. Var hann handtekinn ekki langt frá vettvangi en fram kemur í skýrslu lögreglu að hann hafi verið á hlaupum og skimað í átt að vettvangi. Þá kemur fram að ákærði hafi falið sig í trjágróðri.

Rannsókn tæknideildar fór fram á vettvangi og á bifreið brotþola en engin ummerki var að sjá um átök.

Lögreglan tók skýrslu af brotþola á Landspítalanum þennan sama dag og greindi hún þá ítarlega frá atvikum. Önnur skýrsla var tekin af brotþola 24. maí 2022 og bar hún um atvik á sama veg. Þá gekkst hún undir skoðun á neyðarmóttöku og liggur fyrir móttökuskýrsla hjúkrunarfræðings og skýrsla læknis um réttarlæknisfræðilega skoðun. Þar er að finna lýsingu brotþola á atvikum og þeirri skoðun sem fram fór. Fram kemur að próf hafi leitt í ljós að hún hefði hvorki neytt fíkniefna né áfengis og var það staðfest síðar í matsgerð rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði. Hún bar enga ytri áverka. Við komu var hún í mikilli geðshræringu, grét mikið og skalf. Fram kemur að hún hafi virkað rugluð, eins og hún væri ekki alveg með sjálfri sér. Róaðist hún þegar leið á en óttaðist um líf sitt og var döpur. Í lok læknisskoðunar grét hún, enn óttaslegin en talaði um hve veikur ákærði væri.

Rannsókn tæknideildar á gögnum sem varðveitt voru á neyðarmóttöku leiddi í ljós að sáðfrumur voru sjáanlegar í sýnum sem tekin voru af ytri börmum og leggöngum brotaþola og í sýni sem tekið var af bakhlið nærbuxna brotaþola. Þessi sýni voru því nothæf til DNA-kennslagreiningar.

Í upplýsingaskýrslu um innhringingar til neyðarlínunnar og Fjarskiptamiðstöðvar lögreglunnar kemur fram að tvær innhringingar hafi borist umræddan dag. Sú fyrri barst kl. 11:37 og hringdi þá kona í miklu uppnámi sem grét hástöfum og lýsti staðsetningu sinni. Hún kvaðst hafa læst bílnum og að „hann“ væri að reyna að komast inn í bílinn. Þá liggur fyrir samtal Fjarskiptamiðstöðvar við karlmann í kjölfarið sem greinir frá því að einhver sé að drekka og sé að fara að keyra. Hann heyrir kalla til konu í miðju símtali.

Brotaþola var vísað í sálfræðilegt mat og áfallahjálp hjá [...]. Í vottorði L sálfræðings frá 24. ágúst 2022 kemur fram að brotaþoli hafi komið í fimm viðtöl á tímabilinu 25. maí 2022 til 23. ágúst 2022. Brotaþoli virtist eftir það í eðlilegu bataferli og taldi ekki þörf á frekari þjónustu. Hún hafi notið góðs af sterkum félagslegum stuðningi í kringum sig og annarra fagaðila.

Um mat á sálrænum einkennum og líðan brotaþola segir í vottorðinu að brotaþoli hafi greint frá einkennum sem samsvari áfallastreituröskun, svo sem endurupplifunareinkennum, truflandi draumum og forðunareinkennum. Niðurstöður þriggja sjálfsmatskvarða sem brotaþoli fyllti út hafi verið í samræmi við mat sálfræðingsins á einkennum hennar. Brotaþoli hafi verið opinská og trúverðug í viðtölum og samkvæm sjálfri sér. Áfallastreitueinkennum brotaþola hafi verið væg í viðtölum 19. júlí og 23. ágúst 2022. Talið var ólíklegt að hún þyrfti á formlegri áfallameðferð að halda en ekki væri hægt að segja til um með vissu hver áhrif meints kynferðisbrots yrðu þegar til lengri tíma væri litið en ljóst þætti að atburðurinn hefði haft víðtæk áhrif á líðan brotaþola.

Réttarlæknisskoðun ákærða fór fram 11. maí 2022 og teknar voru ljósmyndir af ákærða. Grunnir áverkar eða húðrispur voru á bringu og nær samfelld niður á kvið. Einnig á vinstri framhandlegg. Þá var minniháttar áverki á vinstri úlnlið lófamegin. Haft er eftir ákærða að hann hafi skaðað sig liðna nótt á úlnliðnum og rispað sig með rennilás á buxum. Fram kemur í skýrslu læknis að nýir áverkar samræmist sögu um að hann hafi rispað sig með sljóu tæki.

Ákærði var yfirheyrður síðdegis 13. maí 2022. Hann neitaði alfarið sök og kvað brotaþola hafa haft frumkvæði að samförum í bifreiðinni.

Rannsókn tæknideildar á fatnaði ákærða leiddi í ljós að blettur á framhlið stuttbuxna ákærða reyndist vera sæði sem nothæft var til DNA-kennslagreiningar. Þá voru blettir á framanverðri miðri skyrtu ákærða og á vinstri ermi skoðaðir. Gáfu

blettirnir jákvæða svörun við blóðprófum. Þá vantaði fimm tölur í skyrtuna en þræðir sem áður festu tölurnar voru slitnir og tættir. Ein tala var laus í tölugati.

Fyrir liggur matsgerð rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði vegna rannsókna á þvag- og blóðsýni ákærða. Fram kemur að í þvagsýni mældist 7-amínónítazepam, amfetamín, benzóýlekgónín og kokaín. Í blóðsýni mældist 170 ng/ml amfetamín og etanol 0,15%. Segir í matsgerðinni að vottur af alkóhóli hafi mælst í blóðsýni, sem bendir til einhverrar áfengisneyslu. Styrkur amfetamíns í blóði sé aðeins hærri en búast má við eftir töku lækningalegra skammta. Kokaín hafi ekki verið í mælanlegu magni í blóði, þegar sýnið var tekið. Greining kokaíns og benzóýlekgóníns í þvagi bendir þó til neyslu kokaíns nokkru áður en sýnin voru tekin. 7-amínónítazepam sé umbrotsefni nítazepams og mælanlegt magn þess í þvagi bendir til neyslu nítazepams nokkru áður en sýnin voru tekin. Nítazepam sé svefnlyf af flokki benzodíazepína og hafi ekki verið í mælanlegu magni í blóði þegar sýnin voru tekin.

Meðal gagna máls er áhættumat sem lögregla vann í tengslum við rannsókn mála er tengdust ofbeldishegðun ákærða gagnvart brotþola. Í matinu kemur fram að ofbeldishegðun hans hefði stigmagnast og að áfengis- og vímuefnavandi hans sé talinn langvarandi. Niðurstaða matsins er að mjög mikil áhætta sé á áframhaldandi ofbeldishegðun hans, sér í lagi gagnvart brotþola.

Undir rannsókn málsins fór lögregla fram á dómkvaðningu matsmanns til þess að framkvæma geðrannsókn á ákærða með vísan til 2. mgr. 77. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, með það fyrir augum að leiða í ljós hvort svo sé ástatt um ákærða sem greinir í 15. eða 16. gr. í almennum hegningarlögum. Þann 8. júní 2022 var M geðlæknir dómkvaddur og lá matsgerð hans fyrir 8. júlí 2022.

Helstu niðurstöður hans voru þær að undirliggjandi vandi ákærða sé aukin áfengisneysla og neysla efna. Í endurteknum viðtölum hafi ekki verið að finna nein alvarleg geðræn einkenni. Hann hafi komið mjög vel fyrir og talið var að hann hefði misst fótanna við skilnaðinn og að einkenni hans bæru vott um mikla örvæntingu. Ástand hans sé ekki með þeim hætti sem tilgreint er í 15. gr. almennra hegningarlaga. Að mati læknisins sé ekkert fram komið sem komi í veg fyrir að refsing geti borið árangur ef sök sannist.

4.

Skýrslur fyrir dómi

Ákærði kvað brotþola hafa komið og sótt sig um kl. 9:00 þennan morgun en ætlun hans hafi verið að komast í banka og fá lán. Brotþoli hefði stöðvað bílinn á þeim stað sem um ræðir og viljað ræða málin. Hún hafi sannfært hann um að allt myndi fara vel í þeirra sambandi og beðist afsökunar. Ákærði hafi verið með áfengan

drykk sem hún hefði drukkið með honum. Þá hafi brotapolí nálgast hann og viljað hafa kynmök við hann. Hún hafi kysst háls hans, lagt bílsætið aftur og viljað fá hann ofan á sig. Hún hafi verið fljót að fara úr og hann hafi girt niður um sig og þau haft samfarir. Eftir þetta hafi hann viljað fara fótgangandi í bankann þó að hún hafi viljað aka honum. Kvaðst hann hafa hitt mann á leiðinni sem hefði boðið sér hvítt efni, kókaín eða spítt, og hann haft það með sér. Þegar ákærði var spurður klukkan hvað hann hefði farið í bankann sagðist hann í reynd ekki hafa farið því hann hefði verið illa útlítandi og lyktað af áfengi. Þegar ákærði hefði komið til baka hefði hann reykt sígarettu, sniffað fíkniefnið og haldið áfram að drekka í bílnum. Brotapolí hefði líka fengið sér að drekka, séð hann með efnið, sett puttann í það og setti eitthvað í munninn. Ákærði hefði farið aftur út úr bílnum til að reykja. Brotapolí hefði þá sett bifreiðina í gang en hann drepíð á henni og sagt að hún gæti ekki ekið. Hann hefði séð brotapóla gráta og tala á íslensku í símann. Hún hefði verið í miklu uppnámi og ákærði kvaðst ekki hafa hugmynd um hvers vegna. Hann hefði tekið símann af henni og heyrt að hún hafði verið að tala við neyðarlínuna. Hann hafi sagt viðmælandanum að brotapolí væri drukkin og vildi aka bifreiðinni. Hann hafi svo skellt á og spurt hana hvers vegna hún væri að gráta. Kvaðst ákærði hafa viljað róa hana og greiða úr málunum. Aðspurður um símtal neyðarlínunnar til brotapóla kvaðst hann ekki hafa orðið var við það er síminn hennar hringdi og ekki muna nema eftir einu símtali. Tvær manneskjur hefðu síðan komið og brotapolí farið út og byrjað að öskra. Hún hefði sagt að hann væri með hníf og agressífur. Þá hafi hann ákveðið að fara enda orðið eitthvað stressaður. Hann hafi endað í tjaldi sem hann sá þar sem hann hafi lagst til svefns. Nánar spurður um þetta kvaðst hann hafa verið undir miklum áhrifum í skýrslutöku í fangelsinu og myndi ekki hvað hann hefði sagt. Ákærði kvað brotapóla hafa búið til þessa sögu en kvaðst aðspurður ekki hafa skýringar á því hvers vegna hún gerði slíkt.

Ákærði var spurður um áverka á kvið og kvaðst hann hafa haft gamla áverka á kvið eftir fall. Einnig hefði hann dottið daginn fyrir atvikið er hann stökk yfir handrið. Þá hefði hann skaðað sjálfan sig með rennilás á peysu sem hann fékk afhenta á lögreglustöð. Hafi hann gert það eftir að hann heyrði af ásökunum brotapóla og hafi fundið til í hjartanu. Þar að auki hefði lögreglan ögrað honum, spurt hann aggresíft eins og hún vildi lemja hann. Spurður um göt og blóð á skyrtu skýrði ákærði það með sama hætti, að hann hefði dottið oft en auk þess hefði lögreglan beitt hann miklu harðræði við handtöku og dregið hann eins og hund.

Ákærði kannaðist við að fara í „black out“ þegar hann drykki mikið áfengi. Þegar hann yrði mjög ölvaður kæmi fyrir að hann notaði fíkniefni, væri honum boðið slíkt.

Brotapolí kvaðst hafa látið undan ákærða og komið á bílnum til að hitta hann eftir að hafa ekið [...]. Ákærði kvaðst þurfa að flytja einhverjar töskur. Þegar hún hefði

komið hefði hann ekki verið með neinar töskur heldur bara verið með poka í hendinni. Hann hefði viljað að hún æki sér hingað og þangað og hún ekið af stað. Hann hafi vísað veginn og sagt henni að aka upp stíg í grennd við [...]. Hann hafi tekið í handbremsuna og tekið lykilinn. Síðan hafi hann lagt niður ökumannssætið og byrjað að spyrja hana ýmissa „þráhyggjuspurninga“, verið með samsæriskenningar og hótað henni. Hefði hann m.a. sagt að hún hefði bara viljað nota hann til að eignast barn með honum og fyrst svo væri myndi hann gera hana [...]. Hann hafi sagt henni að fara úr að neðan. Hann hafi verið með hníf, hálfgerðan ostahníf með tveimur oddum, og sagst skera úr henni augun og drepa hana. Hún hefði gert það sem hann sagði henni, verið dofin og viljað að þessu lyki. Hann hefði lokið sér af og sagt henni að loka augunum. Þá hefði ákærði sagt að hann hefði sett kókaín í leggöng hennar svo að það myndi mælast í henni ef lögreglan kæmi á staðinn. Hann hafi fengið sér fíkniefni í nefið og sett efni á fingurinn á sér og reynt að troða upp í munninn á henni. Brotapoli lýsti því að ákærði hefði einnig stungið hnífnum í sjálfan sig yfir skyrtuna. Hann hafi hneppt skyrtunni niður og sýnt henni för á maganum.

Brotapoli kvaðst hafa verið með símann innan á sér en ákærði hefði viljað fá hann. Hún hefði sagt við hann að hann væri í skottinu. Ákærði hefði farið í veskið hennar, tekið íbúfen og verið mjög þyrstur. Hún hefði tekið eftir því hve hvítar og þurrar varir hans væru. Ákærði hefði svo farið út úr bílnum og hafi hún þá sett í lás og reynt að hringja. Ákærði hafi hins vegar náð að fara með höndina inn fyrir, enda rúðan ekki alveg dregin upp, og aflæsa með því að draga typpið upp. Hún hafi reynt að róa hann, beðið hann afsökunar og sagt að hún elskaði hann. Hann hafi látið hana fá bíllyklana þegar hann róaðist og hún sagst myndu aka honum. Ákærði hafi farið aftur út og þá hafi hún lokað glugganum og hringt á lögregluna. Hann hafi þá náð að spenna upp bílhurðina við rúðuna og náð að koma hendinni niður og aflæsa aftur. Þá hafi hann tekið af henni símann. Brotapoli kvaðst hafa séð konur og hlaupið út úr bílnum og í átt til þeirra. Hafi hún beðið þær að hringja á lögregluna og sagt að ákærði væri með hníf. Hún hafi séð hann tala eitthvað í símann. Aðspurð kvaðst brotapoli hafa séð fólk álengdar meðan á þessu stóð en vitað að ekki myndi þýða að kalla á það. Hún hafi bara ákveðið að hringja á lögregluna.

Brotapoli taldi að þau hefðu verið þarna í um tvær klukkustundir en á þessum tíma hefði ákærði aldrei farið neitt. Hún hefði óttast um líf sitt á meðan á þessu stóð.

Brotapoli lýsti því hvernig samband hennar og ákærða hefði þróast. Hún kvaðst hafa elskað hann og viljað trúa því að allt gæti orðið betra. Hann hefði hins vegar verið mjög veikur og þurft á hjálp að halda. Hún hefði upplifað mikinn ótta en jafnframt mikla sorg yfir því hvernig komið væri.

N, [...] brotapola, kvaðst hafa farið á neyðarmóttökuna eftir að brotapoli hefði hringt í hana. Kvaðst vitnið hafa verið henni til halds og trausts á meðan á skoðun stóð

og hlýtt á þá sögu sem höfð er eftir henni í skýrslu neyðarmóttöku. Hún lýsti því hvernig brotaþola hefði reitt af eftir atvikið.

O kvaðst hafa verið á göngu með vinkonu nálægt vettvangi þegar hún sá öskrandi mann gnæfa yfir konu. Hún hafi ekki heyrt orðaskil en líkamstjáningin hafi verið mikil þessu samfara. Vitnið kvaðst hafa spurt hvort allt væri í lagi og hafi konan kallað að maðurinn væri með hníf. Hann hefði þá gengið rösklega í burt og farið á milli trjána og að stíg sem lægi í átt að [...]. Vitnið kvaðst ekki hafa séð hnífinn. Kvað hún konuna hafa verið í miklu uppnámi og sagt að maðurinn hefði nauðgað sér og verið með hníf. Hann væri fyrrverandi maðurinn hennar og hefði hóttað henni undanfarið. Konan hafi líka verið að leita að símanum sínum en hann fannst ekki. Tilraun til að hringja í símann bar ekki þann árangur að hann fyndist.

P kvaðst hafa verið með vinkonu sinni í hádegisgöngu er þær urðu varar við rifrildi á milli karls og konu. Hefði vinkonan gefið þessu betri gaum og fannst þeim sem maðurinn væri að ógna konunni. Þær hefðu gengið nær og kallað til konunnar. Hún hafi kallað á móti að koma ekki nær því hann væri með hníf og beðið þær um að hringja á lögreglu. Maðurinn hefði verið með ógnandi tilburði gagnvart þeim og ekki viljað að þær skiptu sér af. Vitnið kvaðst hafa hringt á lögregluna og þá hafi maðurinn farið og haldið í átt að [...]. Hefði hún tekið að sér að leiðbeina lögreglunni og hefði það tekið nokkurn tíma. Konan hafi verið skelfingu lostin, titrað og verið mikið niðri fyrir. Hafi hún verið í greinilegu áfalli. Kvað hún manninn hafa ráðist á sig og náð af sér símanum. Þegar lögreglan hefði komið á vettvang hefði konan hrunið niður í jörðina og sagt að sér hefði verið nauðgað í bílnum af manninum, hann reynt að troða kókaíni í leggöng hennar og ógnað með hnífi. Gerandinn væri fyrrverandi eiginmaður hennar en þau stæðu í skilnaði. Vitnið kvaðst aðspurð ekki hafa séð hníf eða hvort maðurinn hafi haldið á einhverju. Hefði hann verið það langt frá þeim að hún hefði ekki getað greint það.

Q kvaðst hafa verið í tjaldi í [...] þegar einstaklingur hefði komið inn í tjaldið til hans og sest niður. Hann hefði viljað fá sígarettu og svefnstað. Vitnið kvaðst hafa beðið hann um að fara, sem hann gerði. Ekki hafi liðið nema 5–10 mínútur þar til lögreglan hefði komið og spurt um mannaferðir. Vitnið kvaðst hafa tekið eftir því að maðurinn var með hvítkenndar varir eins og eftir munnvatn og mjög þurrar varir. Hann hefði verið sólbrúnn og í ljósblárri hnepptri skyrtu sem hann kvað hafa verið heila. Þá kvaðst hann hafa fundið áfengislykt af honum. Maðurinn hefði ekki verið ógnandi.

R, sérfræðingur hjá LRH, lýsti aðkomu sinni að málunum og staðfesti skýrslugerð. Fór hann yfir helstu atriði vegna rannsóknar á skyrtu ákærða en á hana vantaði tölur og benti margt til þess að tölurnar hefðu verið slitnar úr enda brúnirnar

tættar. Vitnið kvað það samræmast því að skýrtan hafi rifnað fremur en að um skurði væri að ræða. Blettir hafi verið á skýrtunni sem gáfu svörun við blóði.

S læknir framkvæmdi réttarlæknisfræðilega rannsókn. Hann kvað ákærða hafa verið samvinnuþýðan á meðan á skoðun stóð. Á líkama hans hafi verið nýir áverkar og var hann spurður út í þá. Kvaðst hann hafa skaðað sjálfan sig fyrst eftir komu á lögreglustöð með rennilás á buxum. Taldi vitnið áverkana geta verið innan sólarhrings gamla og eftir sljótt áhald, þ.e. ekki beitt. Vitnið kvaðst ekki hafa haft neinar upplýsingar um aðra áverka á líkama ákærða. Gengið hafi verið út frá því að allir áverkar á líkama hans hafi verið eftir sama áhaldið. Vitnið skoðaði aftur ljósmyndir sem fylgdu með skýrslu hans og kvaðst ekki treysta sér til að segja til um hvort rauðar doppur gætu hafa verið til staðar áður en ákærði skaðaði sig með rennilásnum.

T hjúkrunarfræðingur tók á móti brotaþola á neyðarmóttöku og ritaði skýrslu sem er meðal gagna málsins. Vitnið vísaði til skýrslunnar og staðfesti gerð hennar. Hún kvað brotaþola hafa verið í miklu uppnámi þegar hún kom á neyðarmóttöku, titrað, skolfið og verið í geðshræringu. Hún hafi sífellt verið að líta í kringum sig líkt og hún væri ekki með sjálfri sér.

U læknir gerði grein fyrir helstu niðurstöðum réttarlæknisfræðilegrar skoðunar á brotaþola á neyðarmóttöku. Kvaðst hann hafa hitt brotaþola eftir að hún hafði verið í hvíld í um fjórar klukkustundir. Þrátt fyrir það hafi hún enn verið mjög skelfd og sýnt áfallamerki.

M geðlæknir staðfesti geðrannsókn er hann framkvæmdi sem dómkvaddur matsmaður og fór yfir helstu niðurstöður hennar. Hann kvað ákærða hafa verið í óreglu eftir síðustu áramót, hann neytt áfengis og tekið ýmis lyf. Þá kvaðst hann stundum fara í „black out“. Hann hafi farið á [...] og komið sérkennilega fyrir. Vaknaði því grunur um geðrof en niðurstaða lækna eftir skoðun var sú að hann hefði ekki verið í geðrofsástandi heldur greindur með [...]. Var það niðurstaða vitnisins að ekkert benti til þess að á tíma meintra brota hefði ákærði glímt við geðsjúkdóm. Hegðun hans jaðraði fremur við þráhyggju og væri hann mjög upptekinn af meintu framhjáaldi brotaþola. Væri því fyrst og fremst um að ræða örvæntingu yfir sambandinu sem hafi ýtt undir neyslu.

Lögreglumaður V ritaði skýrslu tæknideildar um skoðun á bifreið brotaþola. Hann kvað engar upplýsingar hafa legið fyrir um það hvernig talið var að ákærði hefði náð að aflæsa bifreið brotaþola utan frá. Vitnið kvaðst ekki geta sagt til um hvort það væri mögulegt nema að skoða bifreiðina frekar. Hann hefði ekki veitt neinum ákomum á bifreiðinni athygli og minnti að hurðirnar hefðu ekki verið laskaðar umfram það sem fram kæmi í skýrslunni.

Vitnið gaf aðra skýrslu fyrir dómi og gerði grein fyrir viðbótarrannsókn á bifreið brotaþola og helstu atriðum skýrslu sinnar. Lýsti hann tilraun sem hefði verið

framkvæmd samkvæmt beiðni. Framkvæmd hefði verið prófun á því hvort unnt væri að smeygja hendi inn fyrir fals hurðarinnar og aflæsa henni. Þetta hafi reynst mögulegt ólíkt því sem ætla hefði mátt. Væri það gert með því að leggja hendur efst við hurðarbrún og smeygja síðan fingrum undir. Hafi í raun þurft fremur lítið átak en greinilegt væri af ummerkjum á hurðinni að hurðin hefði verið toguð út áður sem gerði það auðveldara. Málmþreyta hafa verið farin að myndast við glugga og þar hafi verið dæld. Málmþreyta merkti í raun að málmur linaðist við að beyglast og væri auðveldara að beygja hann eftir það. Þetta svæði hefði ekki verið ljósmyndað þegar fyrri skýrsla var gerð. Vitnið kvaðst telja að þó svo að málmþreytan væri ekki til staðar væri engu að síður auðvelt að koma fingrum inn á milli, þar sem lítið bil væri á milli gluggakarms og dyrafals, og því hægt að ná gripi. Þá hefðu verið skoðaðar skemmdir á bifreið brotþola eins og grein væri gerð fyrir.

Lögreglumaður W ritaði frumskýrslu málsins og gerði hann grein fyrir helstu atriðum og aðkomu sinni. Hann kvað brotþola hafa verið í miklu uppnámi og hefði komið í ljós er rætt var við hana að ákærði hefði verið vopnaður hnífi en það hefði ekki komið fram í tilkynningunni. Gripið var til frekari aðgerða vegna þess. Vitnið kvað leit að hnífnum ekki hafa borið árangur.

Lögreglumaður Y kom að leit að ákærða og handtöku. Kvað hann ákærða hafa virst skilja ensku en talaði hana þó ekki vel. Vitnið kvað ákærða hafa talað um að hann hefði átt kynmök við brotþola. Einnig kom fram að hann hefði neytt fíkniefna með konu sinni og hefði orðið æstur því hún vildi aka bifreiðinni. Aðspurður kvað vitnið ákærða hafa verið skýran um að þau hefðu neytt fíkniefna saman. Hafi vitnið ítrekað spurninguna og ákærði svarað á sama veg.

Lögreglumenn Ý og Z komu að handtöku ákærða og lýstu þeir aðkomu sinni. Fram kom að leitarhundur hefði verið hafður með í aðgerðum og rakti hann nánast beina línu að [...], þar sem framkvæmd var leit að hnífi en án árangurs.

L sálfræðingur gerði grein fyrir vottorði sínu. Hún kvaðst hafa hitt brotþola í fimm skipti og hefði brotþoli verið greind með einkenni áfallastreituröskunar. Dregið hefði úr einkennum í lokin og hún virst vera í eðlilegu bataferli. Hún hefði verið dugleg að nýta stuðning fagaðila og annarra.

Þ lýsti helstu niðurstöðum matsgerðar sinnar þar sem hann var beðinn um að meta áverka sem höfðu verið ljósmyndaðir. Kvað hann hluta áverkanna að öllum líkindum til komna við stýrðar aðstæður. Punktasár á kvið hafi verið með vel skilgreindan kant og því þurft stingandi odd eða kant. Aðspurður kvað vitnið áverkana samræmast því illa að hafa orðið við fall eða annan slíkan áverkaatburð.

Niðurstaða

1. liður ákæru

Ákærða er gefið að sök að hafa veist að brotaþola með ofbeldi og ólögmætri nauðung, tekið af henni síma og tösku og reynt að toga og ýta henni aftur inn í bifreiðina eftir að hún var komin út úr henni. Ákærði neitar alfarið sök.

Framburður brotaþola um atvik hefur í öllum meginatriðum verið á sama veg frá upphafi og hún samkvæm sjálfri sér. Hann er að mati dómsins trúverðugur. Frásögn hennar af aðdraganda þess að hún ók ákærða niður í bæ og um hegðun hans fær stoð af upptöku úr eftirlitsmyndavél af vinnustað hennar en þar sést ákærði með síma, sem hann kannaðist við að væri hennar. Þá var frásögn brotaþola af því sem gerðist í bifreiðinni stöðug og skilmerkileg. Varð hún það óttaslegin að hún kveikti á hazard-ljósum bifreiðarinnar og kallaði eftir hjálp eftir að hún komst út úr bílnum.

Þrátt fyrir að ekki séu sjónarvottar að því sem gerðist inni í bifreiðinni báru vitnin E, F, G og H að þau hefðu heyrt hjálparkall konu og séð einhvers konar átök. Lýstu þau uppnámi konunnar en kváðu karlmanninn hafa verið aggressífan og/eða sérkennilegan í hegðun. Þá lýstu þau því hvernig karlmaðurinn gerði tilraun til að þvinga konuna aftur inn í bifreiðina og hvernig hann hefði tekið af henni síma og tösku.

Í málinu liggur fyrir frumskýrsla lögreglu þar sem ástandi brotaþola og áverkum á bringu er lýst. Eins og fram kom var ákærði handtekinn á vettvangi og var hann undir sjáanlegum áhrifum áfengis eða fíkniefna.

Ákærði hefur borið að hann myndi atvik ekki vel, m.a. vegna ástands síns. Lýsing hans á atvikum og hans þætti í atburðarásinni er í andstöðu við gögn málsins og er að mati dómsins ótrúverðug, bæði um aðdraganda og atvikið sjálft. Í málinu er ekkert sem styður að brotaþoli hafi ráðist að honum til að ná af honum símanum og m.a. rífið bol hans. Þvert á móti er trúverðug sú skýring að hún hafi rífið í bol hans til að reyna að hindra hann í því að taka af henni símann líkt og hann gerði skömmu áður á vinnustað hennar. Er augljóst af vitnisburðum að ákærði var heltekinn af meintu framhjáaldi brotaþola og stýrði það hegðun hans umrætt sinn.

Samkvæmt framansögðu verður trúverðugur framburður brotaþola af atvikum lagður til grundvallar. Fær hann stoð af framburði vitna og öðrum gögnum málsins. Þá er sannað með vottorði læknis að brotaþoli hafi hlotið þá áverka sem lýst er í ákæru en að hluta til voru þeir vel sjáanlegir. Eru áverkarnir allir sennileg afleiðing af átökum ákærða við brotaþola.

Verður ákærði því sakfelldur fyrir þá háttsemi sem honum er gefin að sök samkvæmt þessum lið ákæru.

2. liður ákæru

Ákærða er gefið að sök nauðgun og stórfellt brot í nánú sambandi. Brotaþoli og ákærði lýsa atvikum hvort með sínum hætti en ákærði hefur alfarið neitað sök. Hann kannast við að hafa verið með brotaþola umrætt sinn en þau hafi verið að ræða málín vegna skilnaðarins. Brotaþoli hafi viljað sættast og haft frumkvæði að kynmökum í bifreiðinni. Hún hafi eftir það hagað sér þannig að hann hafi ákveðið að fara.

Brotaþoli lýsti aðdraganda þess að hún sótti ákærða. Þá bar hún um það hvernig hann hefði nýtt fíkniefna í bifreiðinni, haft í hótunum við hana með alvarlegum hætti og í kjölfarið haft samræði við hana gegn vilja hennar. Jafnframt lýsti hún því hvernig hún hefði náð að kalla eftir hjálp og hvernig ákærði hefði þá brugðist við. Þá kvað brotaþoli ákærða hafa verið með hníf sem hún lýsti frekar.

Eins og gerð hefur verið grein fyrir kom lögregla á vettvang í kjölfar þess að brotaþoli hringdi í neyðarlínuna. Upptaka af því símtali liggur fyrir í gögnum máls og fer ekki á milli mála að brotaþoli er í miklu uppnámi. Þá liggur fyrir að símtalið slitnaði og að þegar hringt var til baka í símanúmer brotaþola svaraði ákærði í símann. Ákærði kannast við að hafa staðið fyrir utan bifreiðina þegar hann hafi séð brotaþola í uppnámi og að tala í símann en kvað ástæðuna vera þá að hann vildi ekki að hún æki bifreiðinni enda undir áhrifum áfengis og mögulega annarra efna. Það kemur ekki heim og saman við niðurstöðu matsgerðar rannsóknastofu sem á hinn bóginn sýnir að efni fundust í blóði ákærða.

Í málinu liggur fyrir vitnisburður tveggja vegfarenda sem komu brotaþola til aðstoðar eftir að hún kallaði eftir hjálp. Lýstu þeir því að brotaþoli hefði verið í miklu uppnámi og að karlmaður hefði verið á staðnum sem virtist vera ógnandi en hefði svo haft sig svo á brott. Vitnin báru m.a. um að brotaþoli hefði greint þeim frá því hvernig hann hefði hótad henni með hnífi og nauðgað í bifreiðinni. Brotaþoli lýsti atvikum í öllum meginatriðum með sama hætti á neyðarmóttöku og í skýrslu hjá lögreglu. Þá liggur fyrir sálfræðivottorð í málinu þar sem fram kemur að brotaþoli hafi verið með einkenni áfallastreitu á meðferðartímanum.

Brotaþoli varaði strax við því er hún kallaði eftir aðstoð vitna að ákærði væri með hníf. Lýst var eftir ákærða sem var m.a. klæddur í yfirhöfn en leit að hnífnum bar ekki árangur. Brotaþoli lýsti hnífnum sem hann beitti á sjálfan sig og þeim áverkum sem hún sá á kvið ákærða. Kemur sú lýsing heim og saman við hluta áverka ákærða á kvið, eða punktalaga sár á naflasvæði, sem voru nýlegir sjálfsáverkar þar sem vel skilgreinanlegum oddi er beitt. Fyrir liggur að engar ljósmyndir voru teknar af áverkum ákærða fyrr en í tengslum við réttarlæknisfræðilega rannsókn. Kvaðst ákærði hafa veitt sér þá áverka sem sjást á kviðnum í fangaklefanum með hanka á rennilás. Samkvæmt framangreindu mati voru allir áverkarnir ferskir og nýleg húðblæðing virtist vera komin til fyrir sljóan kraft í formi þrýstings eða klemmu um svæðið. Ber að líta til framangreindra atriða við mat á sönnunargildi framangreinds gagns.

Þá liggur fyrir ítarleg skýrsla vegna frekari rannsóknar tæknideildar á bifreið brotaþola, sem var ætlað að varpa ljósi á hvort gerlegt væri að koma hendi inn fyrir hurðarfals bílsins líkt og brotaþoli lýsti. Framburður hennar hvað þetta varðar lá fyrir þegar á rannsóknarstigi og var þá strax tilefni til þess að kanna þetta atriði. Það var hins vegar ekki gert af ókunnum ástæðum. Niðurstaða skýrslunnar var sú að vel væri unnt að smeygja hendi inn fyrir hurðarfalsið. Samkvæmt framburði brotaþola og vitna var bílstjóraturinn löskuð fyrir og hafði verið skökk í falsinu. Voru ummerki um það að sögn lögreglumannsins sem vann skýrsluna.

Framburður brotaþola um atvik hefur verið stöðugur, skýr og einkar trúverðugur. Eins og gerð hefur verið grein fyrir er ekkert fram komið í málinu sem þykir rýra trúverðugleika brotaþola.

Framburður ákærða hefur að mati dómsins ekki verið stöðugur og er ótrúverðugur og á köflum yfiringilegur, bæði um aðdraganda og atvikið sjálft. Þá verður að líta til háttsemi hans í kjölfarið.

Samkvæmt framansögðu verður framburður brotaþola, sem fær styrka stoð af gögnum málsins, lagður til grundvallar niðurstöðu málsins. Verður að telja fjarstæðukennt að brotaþoli hafi haft frumkvæði að samförum við þær ógnaraðstæður sem uppi voru umrætt sitt. Er framburður ákærða um atvik í andstöðu við fyrirliggjandi gögn og er að engu hafandi. Telur dómurinn sannað að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru, að samræði við brotaþola hafi verið andstætt vilja hennar og að ákærði hafi beitt hótunum og ólögmætri nauðung til þess að ná fram vilja sínum. Brotaþoli hefur ekki haldið því fram að hann hafi beitt hana líkamlegu ofbeldi í þessu skyni og verður hann sýknaður af þeim þætti verknaðarlýsingar.

Brot ákærða samkvæmt I. kafla ákæru voru endurtekin og það brot sem lýst er í 2. tölulið kaflans sérlega alvarlegt. Með brotum sínum ógnaði ákærði lífi, heilsu eða velferð brotaþola og verða þau heimfærð undir 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga og einnig undir 1. mgr. 194. gr. vegna 2. töluliðar. Þegar litið er til þess hvernig brotið var framkvæmt, við hvaða aðstæður og með hliðsjón af því ógnarástandi sem brotaþoli þurfti að þola af hálfu ákærða, telst það að auki vera stórfellt í skilningi 2. mgr. 218. gr. b.

6.

II. kafli ákæru

3. liður ákæru

Þann 13. mars 2022 hafði N samband við lögreglu og óskaði eftir aðstoð. Kvað hún ákærða, sem væri eiginmaður [...] hennar, vera að skemma bifreið hennar. Kvað

hún eiginmann sinn, AA, vera utandýra að reyna að tjónka við ákærða. Þegar á vettvang var komið voru ákærði og AA á bifreiðastæði við bifreiðina [...]. Segir í skýrslunni að ákærði hafi verið nokkuð æstur og verið færður í lögreglubifreið.

Í samtali við AA kom fram að ákærði hefði komið til að sækja yfirhöfn í bifreiðina. Hann hefði viljað fá bíllykilinn en AA neitað að afhenda hann. Hefði ákærði þá rífið í vinstri afturhurð bifreiðarinnar og slengt henni upp svo að hún skemmdist við það. Við skoðun kom í ljós að hurðin var skökk og gekk illa að loka dyrunum. Þá voru beyglur á hurðinni. Þá mátti einnig sjá að bílstjóraturhurðin var skökk og beygluð og lokaðist illa. Haft var eftir ákærða að hann hefði runnið í hálku og dottið á bílhurðina svo að hún skemmdist.

Rætt var við N sem kvaðst hafa verið innandýra þegar ákærði kom til að sækja úlpuna í bifreiðina en eiginmaður hennar hefði rætt við hann. Hún hefði horft út um gluggann og séð ákærða sífellt verða æstari og séð hann ýta í hurðina farþegamegin. Hún hefði ekki séð hvað gerðist meira.

Í skýrslu rannsóknarlögreglumanns kemur fram að ákærði hafi þvingað bæði öikumannshurð og farþegahurð vinstra megin upp sem hafi orðið til þess að þær skekkust og að gengið hefði illa að loka þeim almennilega aftur. Beyglur hafi mátt sjá á báðum hurðum vinstra megin á bifreiðinni. Ljósmynd er af bifreiðinni í skýrslunni.

Ákærði gaf skýrslu vegna málsins og kvaðst hafa runnið til í hálku og á hurðina. Kvaðst hann hafa verið reiður og ergilegur. Kvaðst hann hafa sótt dót í framsæti bifreiðarinnar og skellt hurðinni harkalega.

Kæruskýrsla var tekin af brotþola 24. júní 2022 og kvað hún ákærða hafa spennt upp hurðirnar á bílnum en við það hafi þær beyglast. Hægt væri að ýta þeim til baka en þær hefðu skekkst og ekki væri hægt að loka þeim. Þá væru dældir í hurðunum en hjarir hefðu beyglast svo að hurðirnar féllu ekki rétt í falsið. Brotþoli kvað mat á tjóninu ekki liggja fyrir. Hún kvaðst hafa verið innandýra þegar atvikið átti sér stað.

7.

Skýrslur fyrir dómi

Ákærði lýsti atvikum svo að hann hafi komið á vettvang og ætlað að opna bílinn en runnið í hálku, dottið og þurft að styðja sig við bílhurðina fyrir aftan bílstjórasætið. Aðilinn sem opnaði bifreiðina fyrir hann hefði ögrað honum og síðan hefði lögreglan komið og verið mjög agressíf. Ákærði kvað hurðina ekki hafa skemmst við þetta. Kvað hann aðspurður mögulegt að það hefði gerst án þess að það hefði verið ætlun hans. Hann kannaðist aðspurður ekki við skemmd á fremri hurð vinstra megin.

Brotþoli kvað ákærða hafa verið með bifreið hennar í láni. Hún hafi ætlað að sækja bifreiðina en ekki fundið hana. Lögreglan hefði aðstoðað hana við að sækja

bifreiðina. Ákærði hefði hringt brjálaður í hana og kvaðst eiga dót í bifreiðinni. Hafi hann fengið að sækja það en hún hafi ekki komið að málum heldur hafi [...] hennar verið í samskiptum við ákærða vegna þess. Ákærði hefði spennt upp hurðir bifreiðarinnar og þær verið skakkar eftir það. Hefði [...] hennar farið með bifreiðina og rétt hurðirnar svo unnt væri að loka bifreiðinni. Hún hefði ekki enn látið fagaðila gera við bifreiðina.

N kvað ákærða hafa komið mjög æstan og viljað fá úlpuna sína úr bílnum. Maðurinn hennar hefði sinnt þessu erindi en hún fylgst með út um gluggann. Ákærði hafi gargað eitthvað og verið æstur. Eftir smátíma hefði hann rifið upp afturhurðina bílstjóramegin og þá hefði hún hringt á lögregluna. Aðspurð kvaðst hún sennilega hafa mismælt sig í samtali við lögreglu en þetta væri sú hurð sem hún hefði átt við. Kvað hún ákærða hafa reynt að espa upp eiginmanninn sem hafi haldið stillingu. Vitnið kvaðst hafa heyrt að framhurðin hefði einnig skemmst eitthvað. Hún hefði hins vegar ekki séð hvernig þetta atvikaðist.

AA kvað ákærða hafa komið til þess að sækja úlpu í bifreið brotaþola og hann hefði fylgt honum. Ákærði hefði verið frekar fúll og æstur og viljað fá bíllykilinn eftir að vitnið aflæsti bílnum. Hann hefði rótað í bílnum. Ákærði hefði orðið ósáttur þegar vitnið vildi ekki gefa sig og tekið í aftari hurðina ökumannsmegin. Kvaðst vitnið hafa heyrt þegar brakaði og brast í ytra byrði og lömum bílsins. Hefði vitnið beðið hann um að hætta en ákærði þá tekið í ökumannshurðina og gert slíkt hið sama svo brakaði og brast í bílnum. Vitnið kvaðst hafa gengið fastar að honum og þeir átt í einhverjum orðaskiptum. Eftir þetta atvik hafi ekki verið hægt að loka bíldyrnum því lamirnar hafi verið úr garði gengnar. Hann hefði reynt að laga þetta svo hægt væri að loka bílnum. Ákomur á bílinn hefðu verið áberandi við lamirnar og „bárur“ á bílnum.

Lögreglumaður BB lýsti aðkomu sinni vegna máls varðandi skemmdir fyrrverandi eiginmanns brotaþola á bifreið hennar. Kvað hann eiginlega ekki hafa verið hægt að loka afturdyrum bílsins og var líkt og henni hefði verið þrýst niður. Fremri hurðin hafi líka verið beygluð og vísaði vitnið í myndir á meðal gagna máls.

8.

Niðurstaða

Ákærði kannast við að hafa komið á vettvang umrætt sinn en erindi hans hafi verið að sækja muni í bifreið brotaþola sem hann hafði haft að láni. Fyrir liggur að kallað var eftir aðstoð lögreglu og var ákærði nokkuð æstur samkvæmt því sem fram kemur í frumskýrslu og vitnisburði AA og N.

Ákærði bar að hann hefði runnið í hálku og hugsanlega valdið skemmdum á bifreiðinni án þess að hafa ætlað sér það. Vitnið AA lýsti atvikum á annan veg og hamagangi í ákærða og því hvernig hann þvingaði hurð bílsins upp.

Ljósmynd er á meðal gagna sem sýnir dæld á fremri bílhurð. Ekki er annað að sjá en að þar sé sama dæld og sést í viðbótarskýrslu sem lögð var fram undir rekstri málsins eins og nánari grein er gerð fyrir. Engin haldbær skýring er fram komin á öðrum skemmdum sem eru raktar til þessa tiltekna tilviks, þ.e. á lömum hurða, sem olli skekkju á þeim. Þó að vitni í málinu tengist brotþola eru þau trúverðug og fær framburður þeirra stoð af vitnisburði lögreglumanns sem kom á vettvang. Þykir sannað með fyrirliggjandi gögnum, svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa, að ákærði hafi valdið þeim skemmdum umrætt sinn með því að þvinga hurðirnar upp. Verður hann sakfelldur fyrir þá háttsemi sem honum er gefin að sök og er brot hans rétt heimfært til refsíákvæða.

9.

4. liður ákæru

Ákærði hefur skýlaust játað brot sín. Sannað er með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins að ákærði er sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök og eru brot hans rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

Ákærði er í samræmi við refsíákvæði í ákæru sviptur ökurétti í átján mánuði.

10.

5. liður ákæru

Þann 24. apríl 2022 kl. 23:38 barst lögreglu tilkynning um blóðug slagsmál á gangi [...] á [...] en þar dvöldu starfsmenn fyrirtækis á staðnum. Fram kom að nokkrir einstaklingar væru að slást. Fór lögregla þegar á vettvang. Þar hittust fyrir fimm karlmenn, þar á meðal brotþolar B, sem var blóðugur í andliti, og D. Reyndist hinn meinti árárarmaður vera ákærði en í skýrslunni segir að hann hafi komið og verið mjög æstur í viðræðum við lögreglu. Var hann blóðugur í framan, með skurð á höfði og hrufl á hægri hendi. Þá segir að hann hafi augljóslega verið undir áhrifum áfengis eða fíkniefna. Kvað hann þrjá einstaklinga hafi komið í þvottahúsið og hafi hann verið sleginn fyrirvaralaust. Kvaðst ákærði hafa reynt að verja sig og flýja en þeir hafi náð honum og beitt hann frekara ofbeldi. Kvað hann B, D og C hafa ráðist á sig að fyrra bragði en þeir héldu fram hinu gagnstæða og kváðu ákærða hafa verið upphafsmann slagsmála.

Haft er eftir brotþola B að ákærði hafi viljað fá lánaða rafrettu og brugðist illa við þegar honum var neitað. Kvað hann ákærða hafa slegið sig í andlitið og frekari átök brotist út. Brotþoli D kvaðst hafa reynt að stíga B og ákærða í sundur en ákærði hefði ýtt honum og ítrekað kastað slökkvitæki í áttina að honum. Síðan hafi ákærða tekist að bíta brotþola í bakið. Brotþoli C kvaðst hafa vaknað við hávaða og farið

fram á gang. Hafi hann séð ákærða ráðast á D. Ákærði hafi síðan slegið sig fyrirvaralaust í andlitið.

Í kjölfarið flutti lögregla ákærða og brotþola B og D til aðhlynningar en í kjölfarið var tekin formleg skýrsla af brotþolum og ákærða þegar ástand hans leyfði.

11.

Skýrslur fyrir dómi

Ákærði kvaðst hafa komið heim og farið að taka fatnað úr þurrkaranum í þvottahúsinu. B hefði komið og rifist og síðan kýlt hann í andlitið. Þetta hefði komið mjög flatt upp á hann. Ákærði kvaðst hafa verið mjög drukinn umrætt sinn og hefði misst meðvitund eftir árásina í um 30 sekúndur. Þegar hann hafi rankað við sér hafi hann verið einn í þvottahúsinu. Hann hafi farið upp og þá hafi þeir komið fjórir saman og lamið hann. Hann hefði varið sig með öllum tiltækum ráðum. Nánar spurður kvað ákærði þá hafa staðið í dyragættinni og hann hafi spurt B hvers vegna hann hefði lamið sig. Síðan hefðu þeir allir komið að honum ógnandi, B, CC og C. Ákærði kvaðst ekki muna hvort hann hefði bitið D í bakið. Fyrsta höggið hefði komið í andlit hans og hann hefði varið sig. Hann hefði notað slökkvitæki til að verja sig og ráðist að þeim og ýtt. Þegar tækifæri hefði gefist hefði hann flúið að stiga en þar hefðu þeir náð honum og sparkað í hann þar til hann fékk nóg. Ákærði kvað aðspurður að þeir hefðu ráðist á hann því þeir hefðu haldið að hann ætlaði í þá eða að þeim hafi verið brugðið. Hann kvaðst ekki geta sagt til um hver gerði hvað í atburðarásinni en högg hafi komið úr öllum áttum. Kvaðst hann aðeins muna eftir að hafa gripið í hönd þess sem var með veip og að hafa beitt slökkvitækinu.

Brotþoli B kvað ákærða hafa komið inn í herbergi þar sem þeir CC voru og beðið sig um veip en hann hafi neitað. Þá hafi fokið í ákærða sem hafi gripið í hálskeðju hans og slitið. Kvaðst brotþoli þá hafa tekið í hálsmál hans og keyrt hann upp að vegg. Ákærði hafi þá barið sig og hafi höggið komið bak við eyrað. Brotþoli kvaðst ekki vita hvernig hann hefði náð ákærða af sér, mögulega hefði einhver rifið hann af honum. Ákærði hafi svo hlaupið og gripið slökkvitæki. Hafi brotþoli þá hlaupið inn í herbergi. D hafi þá verið frammi og hafi brotþoli heyrð í þeim en ekki séð hvað var á seyði. Hann hafi síðan opnað millidyr og séð þegar ákærði sló C, bróður sinn. Kvaðst hann þá hafa slegið ákærða einu höggi í andlitið. Kvað hann ákærða greinilega hafa verið undir áhrifum fíkniefna.

Brotþoli C kvaðst hafa verið sofnaður þegar hann heyrði læti. Hann hafi farið í dyragættina og séð ákærða ráðast á D með slökkvitæki við útidyrnar og kasta því í áttina að honum. Þá hefði hann séð hann hlaupa í D og bíta hann í bakið en þá hafi þeir verið komnir í gólfið. Hafi D reynt að verja sig. Ákærði hafi svo komið til vitnisins og allt í einu hafi ákærði slegið hann beint í andlitið með krepptum hnefa og

svo hlaupið í burtu. Kvaðst vitnið ekki hafa séð hvað gerðist eftir það og verið mjög ringlaður. Frekari átök hafi þó brotist út.

CC lýsti kvöldinu þannig að strákarnir hefðu verið úti að borða og svo hefði hver farið inn í sitt herbergi. Ákærði kvaðst vera herbergisfélagi B og sagði að þeir hefðu verið að horfa á sjónvarpsþátt þegar ákærði hefði bankað á dyrnar, komið inn og viljað fá veip hjá B, sem hafi neitað. Hann hefði svo séð þegar B var dreginn fram á ganginn. Einnig hefði hann séð ákærða ofan á honum sem hefði barið hann 5–7 höggum. Kvaðst vitnið hafa beðið D og C að aðstoða en D hefði fengið slökkvitæki í andlitið. Hefðu þeir reynt að losa ákærða af B. Nánar spurður kvaðst hann hafa séð þegar ákærði kýldi D þrisvar sinnum aftan frá og henti í hann slökkvitæki. Þeir hafi verið fjórir saman en samt ekki getað stöðvað ákærða. Þeir hafi síðan hringt á lögregluna. Vitnið hefði ýtt B inn í herbergi og lokað en D hefði enn verið frammi og ákærði að berja á honum. Kvaðst vitnið jafnframt hafa séð þegar ákærði sló C sem hefði staðið fyrir utan herbergisdýrnar en hefði farið inn til sín eftir það. Vitnið kvaðst aðeins muna eftir hluta atburðarásarinnar. Þegar lögreglan hefði komið á vettvang hefði ákærði látið sem þeir hefðu átt upptökin en ekki hann.

Brotapoli D kvaðst hafa verið sofandi í herbergi sínu. Einhver hefði bankað og sagt að slagsmál væru í gangi. Hefði hann farið til að reyna að róa ástandið. Ákærði hefði slegið B en honum hefði tekist að stíga þeim í sundur og hefði B farið inn í herbergið og D hindrað ákærða í að fara þangað inn. Allt hefði gerst mjög hratt en ákærði hefði síðan ráðist á hann. Hefði ákærði náð að bíta brotapola í herðablaðið þegar hann hélt honum og síðan reynt að henda slökkvitæki í höfuðið á honum. Kvaðst brotapoli hafa fengið a.m.k. þrjú högg í andlitið og áverka á rifbein vinstra megin. Einnig hefði hann séð þegar ákærði sló C eftir að hann opnaði dyrnar en það gerðist eftir að hann hafði náð að taka hann og B í sundur. Síðan hefði hann séð B slást við ákærða og hann hefði farið til að hjálpa honum. Brotapoli kvað ákærða greinilega undir áhrifum fíkniefna.

DD kvaðst hafa verið í herbergi sínu þegar hann heyrði læti. Hann hafi séð ákærða ráðast á brotapola en kvaðst ekki muna atburðarásina vel. Hann hefði séð eitt högg frá B. Borinn var undir hann framburður hans hjá lögreglu þar sem hann kvaðst hafa séð ákærða kýla B 2–3 sinnum og ákærða sækja slökkvitæki sem hann hefði síðan kastað í D af miklu afli. Vitnið kvaðst ekki muna þetta í dag. Hann kvað strákana hafa rætt saman um atvikið eftir þetta og upplifun þeirra. Þeir hefðu hringt í yfirmann sinn og svo hefði lögreglan komið.

EE lækni staðfesti læknisvottorð sitt eftir skoðun á brotapola C og kvað útlit áverka geta samræmst frásögn hans um hnefahögg.

FF gerði grein fyrir helstu atriðum í læknisvottorðum sínum varðandi brotapola B og D. B greindi frá ítrekuðum höggum en aðeins var komið fram mar á bak við

eyra. Sá áverki gat samræmst því að hann hefði fengið högg á þann stað. D hafi verið með mar á hægri herðablaði sem líktist bitfari en þó hafi ekki verið húðrof. Þar sáust för eftir tennur þótt það komi ekki fram í vottorðinu.

Lögreglumaður GG kvaðst hafa fengið tilkynningu um blóðug slagsmál og var farið á vettvang á tveimur lögreglubifreiðum. Þegar á staðinn kom var allt um garð gengið. Vitnið kvaðst hafa flutt ákærða á stöð, hann hefði verið rólegur en ölvaður. Hann tjáði sig um atvik og var það fært í lögregluskýrslu.

12.

Niðurstaða

Ákærða er gefið að sök að hafa ráðist á brotþola á sameiginlegum dvalarstað þeirra í [...] á [...]. Tengjast meintar árásir sömu atvikum en ákærða og brotþola ber ekki saman um atburðarásina. Ákærði bar um að upptökin mætti rekja til deilna brotþola B við hann í þvottahúsinu og ekki löngu síðar hefðu brotþolar allir ráðist fyrirvaralaust á hann.

Framburður ákærða um upptök átakanna hefur ekki verið stöðugur nema að því leyti að hann kveðst ekki hafa verið upphafsmaður þeirra. Hér fyrir dómi kvaðst hann muna atvik illa og rakti það til ástands síns umrætt sinn. Kannast hann eingöngu við að hafa varist og m.a. beitt fyrir sig slökkvitæki af ganginum. Vísaði hann til þess að hann hefði beitt neyðarvörn umrætt sinn.

Brotþolar hafa á hinn bóginn borið í öllum meginatriðum á sama veg um atburðarásina og þátt sinn í henni.

Brotþoli B og vitnið CC hafa frá upphafi borið að ákærði hafi bankað upp á hjá þeim í tilteknum erindagjörðum. Hann hafi ekki verið sáttur þegar brotþoli vildi ekki verða við beiðni hans. Hafi hann greinilega verið undir áhrifum fíkniefna. Kvað B ákærða hafa slegið sig einu sinni í andlitið frammi á gangi. Vitnið CC og brotþoli D kváðust hafa séð þegar ákærði sló B.

Brotþoli D kvaðst hafa komið til aðstoðar en þá hafi ákærði ráðist á hann með slökkvitæki og síðar bitið hann í herðablaðið. Kvaðst CC hafa séð ákærða ráðast á D og henda í hann slökkvitækinu og á sama veg bar brotþoli C sem kvaðst þá hafa staðið í dyragættinni. Kvaðst hann einnig hafa séð þegar ákærði beit D. Þá lýsti C því þegar ákærði sló hann fyrirvaralaust í andlitið. Á sama veg bar B, Panagiotis og D. Ákærði var einnig með áverka og kannast B og D við að komið hafi til frekari átaka eftir að ákærði lamdi C þar sem ákærði var beittur ofbeldi.

Í málinu er ósannað að átök hafi brotist út í þvottahúsi líkt og ákærði ber um. Engin ummerki er að finna sem styðja það. Þá liggur ekkert fyrir um illdeilur ákærða og brotþola fyrir þetta atvik. Brotþolar og vitni í málinu störfuðu saman og sumir voru félagar. Þá eru B og C bræður. Ber að líta til þess við mat á sönnunargildi

framburða þeirra. Í málinu er hins vegar ekkert sem bendir til þess að þeir hafi sammælt um að bera rangar sakir á ákærða. Rannsóknaraðgerðir á vettvangi hófust strax í kjölfar atvika og skýrslur voru teknar af öllum hlutaðeigandi um nóttina eða um daginn er læknisskoðun hafði farið fram. Að mati dómsins voru brotapolar allir trúverðugir.

Þá liggur fyrir að brotapolar voru með áverka sem geta samrýmst þeirri lýsingu er þeir gáfu á atvikum og meintu ofbeldi ákærða. Með hliðsjón af framangreindu, óstöðugs og óljóss framburðar ákærða, sem að hluta til skýrist af ástandi hans umrætt sinn og atvika að öðru leyti, telur dómurinn sannað að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í öllum liðum 5. töluliðar II. kafla ákæru með þeim afleiðingum er þar greinir. Þó með þeirri undantekningu að ósannað er að ákærði hafi ítrekað slegið brotapola B í höfuðið og vísast í þessu sambandi til framburðar hans sjálfs um þetta atriði. Þá er ósannað að dreifð vöðvaeymsli megi rekja til árásarinnar. Ljóst er að átökin héldu áfram eftir að brotapoli C var sleginn og þar sem frekari upplýsinga nýtur ekki um þetta verða þessar afleiðingar ekki raktar gagnert til höfuðhöggssins. Brot ákærða eru rétt fært til refsíákvæða.

Ákærði telur að háttsemi hans sé refsilaus og vísar til 1. mgr. 12. gr. almennra hegningarlaga. Í málinu er ekkert sem rennir stoðum undir það að árás brotapola hafi verið yfirvofandi og að aðstæður slíkar að réttlættu neyðarvörn. Dómurinn hafnar því þessari málsvörn ákærða.

II.

Refsíákvörðun

Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir þau brot sem honum eru gefin að sök í ákæru.

Við ákvörðun refsingar fyrir brot samkvæmt I. kafla ákæru ber að líta til alvarleika brotanna og aðferðar. Ákærði braut gróflega gegn friðhelgi brotapola og kynfrelsi hennar og voru brotin til þess fallin að valda henni mikilli vanlíðan. Verður við refsíákvörðun litið til 1., 2., 3. og 6. töluliða 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Sérstaklega er litið til 3. mgr. 70. gr. við ákvörðun refsingar hvað varðar 3. lið II. kafla ákæru. Þá er litið til 6. töluliðar 1. mgr. 70. gr. við ákvörðun refsingar vegna 5. liðar II. kafla en brot ákærða voru tilefnislaus. Því er hafnað að litið verði til 3. mgr. 218. gr. c í almennum hegningarlögum við ákvörðun refsingar hvað þennan lið varðar. Þá eru ekki skilyrði til þess að líta til 4. töluliðar 74. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði á sér engar málsbætur og þykir hæfileg refsing með vísan til framangreinds og 77. gr. almennra hegningarlaga vera fjögurra ára fangelsi. Til frádráttar fangelsisrefsingu hans komi gæsluvarðhaldvist sem hann hefur sætt óslitið frá 11. maí 2022, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Einkaréttarkröfur

Brotapoli A krefst 4.500.000 króna í miskabætur. Brotapoli á rétt á miskabótum úr hendi ákærða á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Líkt og fram kemur í sálfræðivottorði glímdi brotapolí við einkenni áfallastreituröskunar eftir atvikið. Brotið er til þess fallið að valda þeim sem fyrir verður miklum miska og gildir einu þó að brotapolí hafi náð góðum árangri við að ná bata. Þykja bæturnar hæfilega ákvarðaðar 2.500.000 króna. Krafan ber vexti svo sem í dómsorði greinir en dráttarvextir reiknast frá 11. september 2022 er mánuður var liðinn frá birtingu bótaskröfu sem var við þingfestingu málsins.

Sakarkostnaður

Með vísan til 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 verður ákærða gert að greiða allan sakarkostnað málsins en tekið er mið af umfangi málsins og hliðsjón höfð af tímaskýrslum lögmanna. Skal ákærði greiða 3.069.000 króna málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Halldóru Aðalsteinsdóttur lögmanns, og 192.000 krónur í kostnað vegna aksturs. Þá komu þrír verjendur að málum ákærða á rannsóknarstigi og ber ákærða að greiða 1.207.000 króna þóknun Helga Þorsteinssonar Silva lögmanns, 390.600 króna þóknun Guðmundar St. Ragnarssonar lögmanns og 83.800 króna þóknun Guðmundar Njáls Guðmundssonar lögmanns. Jafnframt ber ákærða að greiða 1.785.600 króna þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola, Lilju Margrétar Olsen lögmanns, og 896.493 krónur í annan sakarkostnað samkvæmt framlögðu yfirliti.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Karl Ingi Vilbergsson héraðssaksóknari.

Sigríður Hjaltested héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í fjögur ár. Til frádráttar fangelsisrefsingu hans komi gæsluvarðhaldvist sem hann hefur sætt óslitið frá 11. maí 2022.

Ákærði er sviptur ökurétti í átján mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði A 2.500.000 króna auk vaxta samkvæmt 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 10. maí 2022 til 11. september 2022 en með dráttarvöxtum frá þeim degi samkvæmt 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað málsins, 3.069.000 króna málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Halldóru Aðalsteinsdóttur lögmanns, og 192.000 krónur í kostnað vegna aksturs, 1.207.000 króna þóknun Helga Þorsteinssonar Silva lögmanns, 390.600 króna þóknun Guðmundar St. Ragnarssonar lögmanns og 83.800 króna þóknun Guðmundar Njáls Guðmundssonar lögmanns, 1.785.600 króna þóknun

réttargæslumanns brotaþola, Lilju Margrétar Olsen lögmanns, og 896.493 krónur í annan sakarkostnað.

Sigríður Hjaltested